

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Veit andinn af efninu?

Ragnheiður Gestsdóttir, Sigrún Hrólfsdóttir, Sindri Leifsson
16.01–28.02.2021

Það sem er búið að gerast, hverfur ekki. Flestir ferlar daglegs lífs, náttúrulegir og manngerðir, varðveita einhvers konar efni — það gufar kannski upp en fellur aftur til jarðar í formi rigningar, sem dæmi. Það sama á við um mannkynssöguna, hún hrannast upp og leggur grunn að þeirri framtíð sem sækir að — en aðeins ef búið er að skrásetja hana, mæla og spegla. Annars gerist nefnilega ekkert í alvörunni.

*Veit andinn af efninu?*¹ er könnunarferð um þau regluverk sem mannkynið hefur skapað sér í gegnum tíðina. Félagsleg, efnahagsleg, pólitísk og menningarleg kerfi vestræns samfélags sem móta og ákvarða veruleikann sem við lifum í og litast reyndar líka af ýmis konar togkröftum náttúrunnar sem erta skyntaugarnar. Verkin á sýningunni endurspeglar viðleitni þeirra til að greina og gera sýnilegan áhrifamáttinn sem manngerð kerfi og kraftar byggja á og manneskjan á svo erfitt með að standast.

Sýningin er afrakstur samstarfs sem hófst á óvæntum nótum fyrir rúmlega ári síðan. Ragnheiður Gestsdóttir, Sigrún Hrólfsdóttir og Sindri Leifsson, sem hafa aldrei sýnt saman áður, sóttu hver fyrir sig um sýningu í gegnum árlegt umsóknarferli safnsins. Stjórn Nýló kom svo auga á samhljóm en líka æpandi andstæður í tillögum þeirra og átti þar með frumkvæði að því stefnumóti sem birtist á sýningunni. Listamennirnir mætast í gagnrýnni og samfélagslegri sýn en nálganir þeirra, efnisval og aðferðir eru um margt ólíkar. Í aðdraganda sýningarinnar unnu þremmenningar með sýningarstjóra að sýningunni í hálfgerðu samsköpunarferli. Reglulega hittumst við á vinnustofum listamannanna, og áttum í virku samtali um verk og ferli hvers og eins þeirra. Þar á milli unnu þau hver í sínu horni í frið og ró. Þannig gafst bæði rými til að ræða saman, vega og meta á jafningjagrundvelli og næði til sköpunar á eigin forsendum. Niðurstaðan er óvænt og verkin sem birtast í sýningarsalnum koma víða við. Þau kallast á en leita í senn hvert frá öðru. Listamennirnir leita ekki eiginlegra svara, heldur reyna að koma auga á og sjóngera mismunandi leiðir til að skilja. Þannig verða verkin hvatar eða brot að frásögn sem afhjúpar það viðtekna og við getum sjálf raðað saman og bætt við að vild.

Með innsetningunni *Habitus Habitat Kapital* leikur Ragnheiður Gestsdóttir sér með sviðsetningu raunveruleikans. Hún stillir saman myndum, hlutum og efnum frá ólíkum tímum og raðar saman líkt og um sé að ræða hollenska kyrralífsmynd sautjándu aldar eða lokkandi pinterest-safn okkar tíma: Stöpull

¹ Vert er að taka fram að titill sýningarinnar er hálfgerður útúrslúningur á titli úr ritsafni á vegum Háskólaútgáfunnar. Sú útgáfa nefnist *Veit efnið af andanum?* og fjallaði um meðvitundina, gamalkunnt efni úr heimspeki og sálfræði, sem nýrri fræðisvið, svo sem tölvunarfræði og taugaeðlisfræði varpa óvæntu ljósi á.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

úr vaxi utan um burðarsúlu safnsins, handmótaðar ketilbjöllur úr leir og portrett myndir af ónefndum konum og börnum. Við þekkjum ketilbjöllur sem líkamsræktarlóð, notuð til að þjálfa og móta vöðvastæla líkama en hér er öllu snúið á hvolf: Listamaðurinn mótar bjöllurnar í leir með eigin höndum. Bjöllurnar eru léttar og brothættar, handmótaðar í leir en leirlistin var lengi vel talin kvennafag hér á landi, ólíkt ‘æðri’ miðlum svo sem málverki og skúlptúr. Þeim er raðað upp sem fagurmunum, ónothæfum og eftirsóknarverðum, á drapplituðum stöplum, lit sem áður þótti sjálfsagt að nefna eftir ljósum, hvítum húðtönnum. Á ljósmyndunum eru börn og konur sem í arkífi Þjóðminjasafnsins eru nafnlaus en fá hér sinn sess á sýningarvegg. Þau eru ljósmynduð fyrir framan glæsilegt baktjald sem Ragnheiður hefur dregið fram í kastljósið í minnkaðri mynd sem skúlptúr í rýminu. Baktjaldið er handmálað og staðsetur viðfangsefnið, og sýningargesti, í ríkulegu og heimsborgaralegu umhverfi, innan um glæsilega skreyttar súlur, veggfóður og viðarklæðningu í anda evrópskra heldrimannaheimila. Stöpullinn, eða undirstöður byggingasúlunnar, er úr afgangskertavaxi sem Ragnheiður hefur sótt í kirkjum borgarinnar. Súlur bera ekki aðeins byggingar, heldur líka andann. *Habitus Habitat Kapital* veitir mismunandi manngerðum sjónarhornum farveg, sem öll byggja á endalausri þrá okkar eftir lífstíl sem virðist dýrmætari en sá sem við í raun lifum. Á sama tíma sýnir Ragnheiður, með sjónrænum vísunum hvernig við beitum yfirleitt sömu aðferðum, þvert á tíðaranda, til að upphefja og skapa glæsta mynd af tilveru okkar, fjárhagslegri stöðu og persónu – ímynd sem er ekki á allra færi að taka sér tíma í að viðhalda.

Í umhverfi okkar er margt sem tilheyrir ekki hinu sýnilega eða áþreifanlega, þó svo að vitundin um tilvist þess sé skýr. Sigrún Hrólfsdóttir vinnur með þessa krafta í verkum sínum, öfl sem ráðskast með tilfinningar okkar og móta okkar hlutskipti, svo sem myndir af samfélagsmiðlum, peninga og andrúmsloft. Efnisnotkun hennar tifar á milli hugmyndarinnar um hefðbundna listmiðla, málverk og teikningu, og ómöguleikans sem felst í því að myndgera það sem á sér ekki sýnilegt form. Hún sýnir olíumálverk og teikningar af gagnaverum, bankabyggingum og fyrirbærum sem slegið hafa í gegn á internetinu: stórstjórnunni og kettinum Lil Bub, sem reyndar er ekki á lífi ennþá þó myndirnar af honum séu ennþá í eilífri hringrás alnetsins, og fyrstu myndinni sem Kylie Jenner birti af barni sínu, til að nefna dæmi. Þannig teygja verkin sig út fyrir sýningarrýmið og inn í óhlutbundinn veruleika mannhugans og stafrænna upplifunarrýma – kannski skýrast í verkinu *Andi*. Með því að panta tíma í gegnum appið Noona gefst sýningargestum einstakt tækifæri til að finna lyktina af hráolíu, þessu forna efni, milljón ára gömlum dýra- og plöntuleyfum, svarta gullinu sem við pumpum úr jörðu og nýtum okkur í hag. Verk Sigrúnar tala beint inn í samtímann, eða hugmynd okkar um núíð þar sem sífellt meira gerist á sama tíma. Sigrún hefur einnig unnið staðbundnar innsetningar beint inn í rýmið, úr hversdagslegum efnem sem virðast við fyrstu sýn handahófskennd og smitast á áreynslulausan hátt inn í skynjun okkar af rýminu: málningaplast, lituð filma í glugganum, helíumblaðra og ljóskastarar sem fá á sig upphafinn ljóma í framsetningunni og auka meðvitund okkar um stað og stund, *efnið* og *andann*.

Á meðan leiðir eitt af öðru hjá Sindra Leifssyni. Stórar innsetningar hans eru unnar beint inn í og fyrir sýningarrýmið, sem eins konar tilraun til að vinna úr mannlegum ákvörðum, náttúrulegum hringrásum og mörkunum þar á milli. Bæði verkin á sýningunni, *Salt Jarðar* og *Á dauða mínum átti ég von sækja*

Nýlistasafnið The Living Art Museum

upphafspunkturinn í landfyllinguna sem tók á sig mynd eftir að jarðveg, sem grafinn var upp vegna byggingar nýs Landspítala, var komið fyrir við Laugarnestanga. Í dag er svæðið útivistarsvæði þar sem gert er út á náttúru og útsýni. Verkin leika sér beint og óbeint með sjónarhorn sýningargesta: annars vegar býðst þeim að labba yfir landfyllinguna í smækkaðri mynd, eins og Gúllíver í Putalandi, innan um litla pikknið-bekki með útsýni. Hins vegar virkjar verk hans líkamsminni áhorfenda með mótordrifnu Parísarhjólí úr járni, öll þau sem hafa einhvern tíman verið farþegar í slíku skemmtitæki geta sótt fram í huga sér myndir af víðtæku útsýni úr lofti og rámar jafnvel í sigur- eða frelsistilfinninguna sem fæst af því að tróna yfir umhverfinu. Á Parísarhjólínu eru vogarskálar með salthrúgum, sem listamaðurinn hefur sjálfur soðið úr sjónum við Laugarnesið. Salt er markaðs- og neysluvara, bæði í iðnaði og matseld og verðgildi þess sveiflast eftir nútímapörfum mannsins.

Í raun er engin eiginleg frásögn á sýningunni. Hvert okkar ræður sjálfst hvaða merkingu við bindum við hugtökin *andi* og *efni*, hugmyndir sem tengjast mörkum hugar og líkama, manns og náttúru, tvíhyggjunni sem við erum í sífellu að reyna að gera upp. Þessi hugtök eru jafnvel orðin úr sér gengin í stanslausum tilraunum okkar til að skilja tilveruna — hálfgerð klisja. Samt eiga andinn og efnið alltaf óþægilega vel við því daglegt líf snýst að mestu um það að ná áttum í síbreytilegum og ört vaxandi umheimi.

Ragnheiður Gestsdóttir (f. 1975) vinnur alla jafna í ólíka miðla; innsetningar, kvikmyndir, skulptúr og ljósmyndir. Í verkum sínum vinnur hún með hugmyndir um þekkingarsköpun, tungumál og skynjun auk þess sem hún rannsakar og afhjúpar valdakerfi í samfélaginu. Auk myndlistarinnar er hún sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðakona og hefur gert nokkrar hefðbundnar og óhefðbundnar heimildamyndir sem sýndar hafa verið víðsvegar um heim, á kvikmyndahátíðum, söfnum og víðar. Ragnheiður lauk MFA námi í myndlist frá Bard College í New York fylki í Bandaríkjunum 2012 og MA námi í sjónrænni mannræði frá Goldsmiths College í Lundunum 2001. Ragnheiður hefur sýnt víða bæði hérlandis, í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum. www.ragnheidurgestsdottir.net

Sigrún Hrólfsdóttir (f. 1973) stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1993–96 og við Pratt Institute í New York á árunum 1996–97. Hún hefur numið listfræði og heimspeki við Háskóla Íslands og lauk MA gráðu í heimspeki frá HÍ árið 2016. Sigrún starfar sem deildarforseti myndlistardeildar við Listaháskóla Íslands. Hún er ein af stofnendum Gjörningaklúbbsins (1996) og hefur sýnt með honum víða um heim. Verk Gjörningaklúbbsins eru í eigu helstu safna á Íslandi, fjölmargra erlendra einka- og opinberra safna. Sigrún vinnur með ýmsa miðla, aðallega teikningu, vídeó og innsetningar en hefur nú í seinni tíð snúið sér meira að málverki. Í verkum sínum skoðar Sigrún hið óefnislega svæði tilfinninganna og samspil innri heims þess persónulega við hinn ytri heim hugmynda, hluta og tákna. www.this.is/sigrunhrolfsdottir

Sindri Leifsson (f. 1988) vekur upp spurningar um alræði vinnunnar og afurðanna sem til verða með áherslu á ferlið sjálft. Sindri Leifsson lauk MFA-gráðu frá Listaháskólanum í Malmö, Svíþjóð árið 2013 og BA-námi frá Listaháskóla Íslands árið 2011. Hann hefur verið virkur í sýningarhaldi og haldið einka- og samsýningar á Íslandi og víðsvegar um Evrópu. www.sindrileifsson.com/

Sýningarstjóri og texti:
Sunna Ástþórsdóttir

Hönnun veggtexta og merkinga í rými:
Studio Studio (Arnar Freyr Guðmundsson og Birna Geirfnnisdóttir)

Sérstakar þakkir fá:
Stjórn og starfsfólk Nýlistasafnsins
Carl Boutard
Glit
Hallgrímskirkja
Háteigskirkja
Hrafnhildur Arnardóttir
Langholtskirkja
Munasafn Reykjavíkur
Myndhöggvarafélagið í Reykjavík
Þjóðminjasafnið
Þorgeir Guðmundsson
Þurður Ósk Smáradóttir

Sýningin er styrkt af Myndlistarsjóði.
Sigrún Hrólfsdóttir vann að sýningunni í rannsóknarleyfi frá Listaháskóla Íslands.

Marshallhúsið

Grandagarður 20
+354 551 43 50

101 Reykjavík
www.nylo.is

Iceland
nylo@nylo.is

Nýlistasafnið The Living Art Museum